

Sendandi umsagnar
Garðar Tryggvason

Umsögn um þingskjal 360-349mál Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr.16/1998

Nú er þetta frumvarp lagt fram öðru sinni en ljósi þess fjölda umsagna sem hefur verið sendur inn í þau tvö skipti sem það hefur verið lagt fram vil ég áréttta það sem ég sagði í umsögn minni um frumvarpið þegar það var lagt fram á vordögum að á því væru svo margir og svo stórir ágallar að það ætti að draga það til baka í heild sinni.

Hér verður að horfa til þess að ekki hafa eingöngu borist umsagnir frá hagsmunaaðilum heldur einnig frá lögregluembættum og sýslumannaráði sem og þess hversu mörg atriði frumvarpsins liggja undir gagnrýni.

Að þessu sögðu tel ég það eina rökrétta fyrir dómsmálaráðherra í þessari stöðu að draga frumvarp þetta til baka.

Þá ætti í framhaldinu að setjast niður með þeim sem málið varðar, hagsmunaaðilar og yfirvöld, og leggja í þá vinnu að endurskoða vopnalögin í heild sinni í stað þess að vera að plástra þau og bæta eins og hér er verið að gera, svo almenn sátt og friður náist um þetta mál til frambúðar. Þá tel ég algerlega einsýnt að verði frumvarp þetta að lögum mun alls ekki verða sátt um þau lög og því betur setið en að heiman farið.

Þá ætti við þá vinnu að hafa til hliðsjónar hvernig þessum málum er háttað í okkar helstu nágrannalöndum, hinum norðurlöndunum, svo við séum ekki eftirbátar þeirra í þessum málum.

Vísa ég að öðru leiti til umsagnar þeirrar er ég sendi inn um þetta sama frumvarp þegar það var flutt fyrst á síðasta þingi. Ítreka ég hér með orð mín þar að öllu því leiti sem þau eiga við núna enda einungis minniháttar breytingar verið gerðar á frumvarpinu.

Akureyri 23.11.2023

